

Fulltrúaráðsfundur  
5. maí 2010 kl.20:00  
í húsnæði HRFÍ Síðumúla 15

Boðað var til fulltrúaráðsfundar með tölvupósti þann 29. apríl 2010.

Mættir voru fulltrúar frá öllum deildum nema Boxerdeild, Grefil- og sporhundadeild, PMF-deild, Spanieldeild, Spítzhundadeild, Tíbet spanieldeild, Svæðafélag Noðurlands og Vinnuhundadeild.

Alls mættu 30 félagsmenn.

### Dagskrá

- Fréttir frá stjórn og skrifstofu HRFÍ
- Sólheimakot - umgengni og viðhald
- Umræður og upplýsingar/fréttir frá deildum
- Önnur mál

### Fréttir frá stjórn og skrifstofu HRFÍ

#### Nýr starfsmaður á skrifstofu Bára Traustadóttir hóf störf sl. mánudag.

Bára mun fyrst í stað vera í hlutastarfi þ.e. vinnur frá 9-15 alla daga nema föstudaga frá 9-13. Um 77% starfshlutfall.

Sumarlokun verður á skrifstofu frá og með mánudeginum 14. júní. Mánudaginn 12. júlí verður opnað á ný.

#### Flestar ræktunardeildir hafa haldið ársfund. Nokkrar deildir eiga eftir að skila ársskýrslum og ársreikningi til stjórnar HRFÍ (helst á tölvutæku formi).

| Ræktunardeild                                 | Fundur                  | Ársskýrsla       |
|---|-------------------------|------------------|
| Boxerdeild                                    | ólokið                  |                  |
| Cavarlierdeild                                | þriðjudaginn 23. mars   | skilað 31. mars  |
| Chihuahuedeild                                | mánudaginn 29. mars     | skilað 21.apríl  |
| <b>DÍF</b>                                    | fimmtudaginn 25. mars   |                  |
| <b>Ensk cocker spanieldeild</b>               | þriðjudaginn 6. apríl   |                  |
| Fjár- og hjarðhundadeild                      | miðvikudaginn 31. mars  | 30.apríl         |
| Fuglahundadeild                               | frestað                 |                  |
| Grefil- og sporhundadeild                     | frestað                 |                  |
| Írsk setterdeild                              | ólokið                  |                  |
| <b>Mjóhundadeild</b>                          | laugardaginn 6. febrúar |                  |
| <b>Papillon og phalenedeild</b>               | mánudaginn 8. mars      |                  |
| <b>Pincher-, mastiff- og fjallahundadeild</b> | þriðjudaginn 2. mars    |                  |
| Retrierverdeild                               | miðvikudaginn 10. mars  | skilað 15. mars  |
| <b>Schäferdeild</b>                           | fimmtudaginn 18. mars   |                  |
| Schnauzerdeild                                | fimmtudaginn 11. mars   | skilað 23. mars  |
| Shih tzu deild                                | miðvikudaginn 17. mars  | skilað 8.apríl   |
| Smáhundadeild                                 | miðvikudaginn 31. mars  | skilað 21. apríl |
| <b>Spanieldeild</b>                           | þriðjudaginn 27. apríl  |                  |

|                        |   |               |
|------------------------|---|---------------|
| Spitzhundadeild        | föstudaginn 27. febrúar                         |               |
| Terrierdeild           | laugardaginn 27. mars                           |               |
| Tíbet spanieldeild     | miðvikudaginn 10. febrúar                       |               |
| Vorstehdeild           | miðvikudaginn 24. mars, frestað skilað 25. mars |               |
| Ípóttadeild            | mánudaginn 19. apríl                            |               |
| Unglingadeild          | fimmtudaginn 29. apríl                          |               |
| Svæðafélag Norðurlands | miðvikudaginn 14. apríl                         | skilað 4. maí |
| Vinnuhundadeild        | laugardaginn 13. mars                           |               |

### Ræktunarnámskeið 15.-16 maí í Sólheimakoti

Dómararnir Liz-Beth Liljeqvist og Ann-Chatrin Edoff verða með ræktunarnámskeið helgina 15.-16. maí, kl. 9:00- 17:00 báða dagana. Ann-Chatrin sér um skapgerð og skapgerðarmat hunda en Liz-Beth það sem snýr að byggingu og heildarútliti hunda. Áhersla verður lögð á 5 hundategundir. Nú eru alls skráðir 47 félagsmenn en 40 hafa nú þegar greitt.

### Aðalfundur félagsins verður miðvikudaginn 26. maí n.k. á Grand hótél, í salnum Gulleig

Úr stjórn ganga:

Guðríður Þ. Valgeirsdóttir, varaformaður, í aðalstjórn

Valgerður Júlíusdóttir, ritari, í aðalstjórn

Friðrik Lunddal í varastjórn.

Guðríður og Valgerður gefa kost á sér í endurkjöri til áframhaldandi setu í aðalstjórn félagsins. Friðrik Lunddal Gestsson gefur ekki kost á sér áfram í stjórn félagsins.

### Í framboði í stjórnarkjöri eru:

Guðríður Valgeirsdóttir meðstjórnandi (aðalstjórn)

Stefanía Sigurðardóttir- meðstjórnandi (aðalstjórn)

Unnar Már Magnússon – meðstjórnandi (aðalstjórn)

Valgerður Júlíusdóttir meðstjórnandi (aðalstjórn)

Súsanna Antonsdóttir - varamaður

Frambjóðendum var gefinn kostur á að skila inn kynningu/ferilskrá ásamt mynd fyrir 19. apríl til kynningar á vefsíðu HRFÍ. Allir nema einn skiluðu kynningu, sjá nánar á vefsíðu félagsins.

### Hundasýning fer fram í reiðhöllinni Víðidal helgina 5.-6. júní n.k. Dómarar verða:

Annukka Paloheimo (Finnland), Georgious Kostopoulos (Grikkland), Jeff Horswell (Bretland), Paul Stanton (Svíþjóð), Torbjorn Skaar (Svíþjóð). Svava Arnórsdóttir dæmir unga sýnendur

### Skráningarfrestur rennur út föstudaginn 7. maí.

### Deildir sem aðstoða við uppsetningu og frágang á þessari sýningu eru:

1. Tíbet spaníel deild – 4 leggja og taka af teppi, 1 dyragæsla, 1 setja upp sýn.og taka niður á sunnud.
2. Mjóhundadeild – 3 leggja og taka af teppi, 2 eftirlit við hurð í biðbása, 2 dyragæsla
3. Fuglahundadeild -4 leggja og taka af teppi, 2 setja upp sýningu og taka niður á sunnud.
4. Grefil- og sporhundadeild-3 leggja og taka af teppi, 2 eftirlit við hurð í biðbása, 2 setja upp og taka niður sýn.
5. Ípóttadeild – 1 í eftirlit í hurð í biðbás, 1 dyragæsla.

Koma nöfnum og símanúmerum til Halldóru Friðriksdóttur, [netta@isl.is](mailto:netta@isl.is), eða í síma 895-2128 eða til Valgerðar, [vala@hrfi.is](mailto:vala@hrfi.is), eða í síma 820-6993.

## **Augnskoðun 5.og 6. júní í tengslum við júní sýningu.**

Dýralæknarnir Finn Bøserup og Jens Knudsen frá Danmörku augnskoða hunda í Reiðhöllinni í Víðidal dagana 5. og 6. júní, í tengslum við sumarsýningu félagsins. Nú hafa eins 98 hundar verið skráðir. Við hvetjum félagsmenn til að skrá sig sem fyrst þannig að hægt sé að gera ráðstafanir varðandi flugmiða. Ef skráning verður undir 150 hundum er alveg ljóst að aðeins einn dýralæknir kemur.

## **Stjórn HRFÍ hefur samþykkt nýjar heilsufarskröfur fyrir schäferdeild og papillon- og phaléndeild . Hægt er að sjá gildandi breytingar á vefsíðu félagsins.**

### **Heilbrigðiskröfur fyrir schäferhunda verður eftirfarandi:**

*Mjaðma- og olnbogamyndir: Undaneldisdýr skulu mynduð og niðurstaða kunn fyrir pörun. (Fyrir mjaðmamyndir gildir frá 01.11.1999 og olnbogamyndir frá 01.09. 2010).*

*Greinist hundur með mjaðma- og/eða olnbogalos D eða E verða afkvæmi hans ekki skráð í ættbók. (Gildir frá 01.09.2010)*

### **Eftirfarandi heilbrigðiskrafa bætist við þær kröfur sem eru nú þegar eru gildandi varðandi papillon- og phalène hunda:**

*Hnéskeljaskoðun: Skila þarf vottorði frá dýralækni um ástand hnéskelja ræktunardýrs, þ.m.t. gráðun á losi ef um slíkt er að ræða. Vottorð gefið út fyrir ræktunardýr eftir að hundur/tík hefur náð eins árs aldri. (Gildir frá 01.09.10).*

### **Reglur um lágmarksaldur við pörun**

Samkvæmt Grundvallarreglum HRFÍ getur sérdeild óskað eftir lágmarksaldri við pörun tíka. Búið er að samþykkja beiðni schnauzerdeildar um að lágmarksaldur við pörun dvergschnauzer tíka verði 20 mánaða.

### **Nýr retrieverdómari**

Á stjórnarfundum HRFÍ þann 14. apríl sl. samþykkti stjórn HRFÍ beiðni retrieverdeildar að veita Degi Jónssyni dómaraáttindi til B-veiðiprófs fyrir retrieverhunda. Dagur Jónsson verður með dómaraáttindi 201001.

### **Samráðsþing MAST 2010**

Matvælastofnun bauð fulltrúum frá HRFÍ á fyrsta samráðsþing stofnunarinnar fimmtudaginn 29. apríl 2010. Fjórir stjórnarmenn fóru á þingið: Björn Ólafsson, Guðrún Valgeirsdóttir, Margrét Kjartansdóttir og Valgerður Júlíusdóttir sem voru þátttakendur í tveimur vinnuhópum sem tengdust dýravelferð og innflutningi hunda.

### **Hringstjórar HRFÍ útskrifaðir**

Soffía Kwaszenko og Hulda Óladóttir hafa verið viðurkenndar sem hringstjórar HRFÍ. Þær hafa fengið frábær meðmæli frá þeim sem leiðbeindu þeim í hring og dómurum.

### **Banna hundahald! – Bréf frá Auði Hallgrímsdóttir í Garðabæ**

Auður hefur áhyggjur af neikvæðri umræðu varðandi hundahald í Garðabæ. Heyrst hefur að fleiri bæjarfélög hafi verið með neikvæða umræðu um hundahald.

Ákveðið var að senda út eftirfarandi tilkynningu á vefsíðu HRFÍ og póstlista:

Kæru hundeigendur.

Nú er sérstaklega mikilvægt að við stöndum öll saman!

Vegna komandi kosninga hefur sprottið upp mikil umræða vegna hundahalds í höfuðborginni og í öðrum sveitarfélögum. Þessi umræða er síður en svo jákvæð í okkar garð enda snýst hún aðallega um lausagöngu hunda og hundaskít. Menn hafa jafnvel gengið svo langt að stinga upp á því að hundahald verði bannað í þeim sveitarfélögum þar sem það er leyft. Ef slíkt bann yrði raunin yrði það stórt skref aftur á bak í þeirri löngu og ströngu baráttu sem við hundeigendur höfum herjað við yfirvöld og samlanda okkar í gegnum tíðina.

Þess vegna verðum við að standa saman og taka okkur á!

Margir frambjóðendur eru með opna fundi fyrir bæjarbúa þar sem alls kyns umræður spretta upp, til dæmis umræður um hundahald. Þar af leiðandi er mikilvægt að ábyrgir hundeigendur mæti á slíka fundi og haldi uppi heiðri okkar hundeigenda.

Barátturkveðjur,  
Hundaræktarfélag Íslands.

Miklar umræður sköpuðust um ofangreint málefni. Súsanna Antonsdóttir í Shih tzudeild sagði frá skemmtilegu átaki hjá deildinni vegna ummæla í síðasta Grafarvogsblaði. Shih tzudeild auglýsti göngu í Grafarvogi sunnudaginn 9. maí kl. 17:00 vegna ummæla í síðasta Grafarvogsblaði þar sem fram kemur að íbúasamtök Grafarvogs hyggist fara fram á að hundahald verði bannað með öllu í Grafarvogi sökum hundaskíts um alla göngustíga hverfisins hafa nefndir og stjórn ShihTzudeildar ákveðið að hittast sunnudaginn 9. maí kl. 17:00 við Víkurskóla og ganga um Grafarvoginn og tína upp hundaskít. Allir voru velkomnir í gönguna. Allir sammála um frábært framtak hjá Shih tzudeildinni.

### **Alþjóðleg hundasýning fer fram í reiðhöllinni í Víðidal helgina 28. – 29. ágúst**

Dómarar: Bo Skalin (Svíþjóð), Brenda Banbury (Bretland), Colm McCarry (Írland), Igor Selimovic (Króatía), Rita McCarry Beattie (Írland).

### **Skráningarfrestur rennur út föstudaginn 30. júlí.**

#### **Deildarsýningar**

Stjórn HRFÍ vill ítreka við stjórnarmenn deilda að vinna eftir Starfsreglum ræktunardeilda varðandi umsóknir um deildarsýningar. Í Starfsreglum ræktunardeilda í kafla V. Deildarsýningar segir í lið 1:

*“Ræktunardeildum HRFÍ er heimilt að halda deildarsýningar að fengnu leyfi sýningarstjórnar og stjórnar HRFÍ. Umsókn þarf að hafa borist stjórn HRFÍ fyrir 1. september ári áður en sýning er fyrirhuguð. Stjórn HRFÍ getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði.”*

**Stjórn HRFÍ hvetur deildir til að senda inn umsóknir fyrir 1. september n.k. þannig að stjórn og sýningarstjórn geti skipulagt sýningarárið í heild.**

### **Sólheimakot - umgengi og viðhald**

Miklar kvartanir hafa borist til stjórnar og skrifstofu vegna hörmulegrar umgengni í Sólheimakoti. Kotið er alltaf óhreint og sóðalegt. Greinilegur leki er inn um strompinn og vatn lekur inn í eldhússkáp og niður eftir veggnum í stofunni þar sem arinninn er. Spurning hvort þær deildir sem eru mest í Sólheimakoti vilji taka að sér viðgerð og viðhald.

Ef félagsmenn okkar geta ekki lagt hönd á plóginn varðandi Sólheimakot þá sér stjórn HRFÍ ekki möguleika á að leigja það áfram.

Ákveðið var á fulltrúaráðsfundinum að stofna Sólheimakotsnefnd sem heldur utan um þá félagsmenn sem gefa kost á sér í ofangreint verkefni. Deildir eiga að senda nöfn þeirra sem eru tilbúnir til að leggja félaginu lið varðandi viðhald og þrif í Sólheimakoti fyrir lok maí.

Í Sólheimakotsnefnd eru:

Ragnhildur Gísladóttir, schnauzerdeild, [raggagisla@heljuheims.is](mailto:raggagisla@heljuheims.is)

Guðbjörg Guðmundsdóttir, retrieverdeild, [gudgud@landspitali.is](mailto:gudgud@landspitali.is)

Daníel Hinriksson, chihuahuedeild, [danielorn@simnet.is](mailto:danielorn@simnet.is)

Jóna Karlotta Herbertsdóttir, papillon- og phalenedeild, [fidrildi60@hotmail.com](mailto:fidrildi60@hotmail.com)

### **Umræður og upplýsingar/fréttir frá deildum**

Fulltrúar deilda sammála um að stutt sé liðið frá síðasta fulltrúaráðsfundi þannig að fáir tóku til máls.

#### **Fjár- og hjarðhundadeild – Björn Ólafsson**

Sagði frá opinni sýningu á sem haldin var sumardaginn fyrsta til að safna fyrir DNA prófi í border collie hundum. Sýningin tókst vel og einnig tóku þátt ungir sýnendur sem máttu aðeins sýna hunda úr deildinni. Dómari var heiðursfélagi HRFÍ Guðrún R. Guðjohnsen.

#### **Mjóhundadeild – Vordís Sigurþórsdóttir**

Eru að undirbúa beituhlaupsæfingar, sýningarþjálfun verður á þriðjudögum og einn mánudag fyrir sýningu.

### **Smáhundadeild – Brynja Tomer**

Ný stjórn tekin við. Starf deildarinnar hefur verið rólegt og mikilvægt að drífa starfsemina upp. Eru að vinna að endurnýjun vefsíðu. Farið verður yfir starfssvið tengiliða. Sýningarþjálfun hefst 13. maí og verður á fimmtudögum kl. 20:00 í reiðhöll Andvara.

### **Schnauzerdeild – Ragnhildur Gísladóttir**

Ný stjórn tekin til starfa, tvær göngur og mættu yfir 60 manns í páskagönguna. Verða með hundafimikynningu og sýningarþjálfun með Fuglahundadeild og Shih tzu deild

### **Vorsteheild – Hannes Bjarnason**

Sagði frá veiðiprófi, erlendur dómari komst ekki til að dæma vegna eldgossins. Metskráning í veiðiprófið, íslenskur dómari dæmi í staðinn

### **Schäferdeild – Kristlaug Elín Gunnlaugsdóttir**

### **Íþróttadeild – Guðrún Katrín Jóhannesdóttir**

Eru með göngur hverja helgi. Hundafimikynningar vinsælar. Námskeiði er að ljúka, þau starfa til loka vors.

### **Unglingadeild – Theodóra Róbertsdóttir**

Ný stjórn tekin til starfs. Ný vefsíða er komin í loftið og þar er hægt að sjá upplýsingar um sýningarþjálfun fyrir júní sýninguna. Sýningarþjálfun er á sunnudögum í reiðhöllinni í Víðdal.

## **Önnur mál**

### **Vinnuhundadeild:**

- Kvartað yfir lélegu upplýsingaflæði. Stjórn vinnuhundadeildar tilkynnir ekki þegar próf hafa verið felld niður. Litlar upplýsingar berast til félaga varðandi vinnuprófin.
- Ensk cocker spanieldeild var bent á að leita til vinnuhundadeildar varðandi vinnu með hundategundina.
- Sagt var frá að vinnuhundadeild væri að vinna að nýju skipulagi vegna vinnuprófa frá og með júní. Vonandi birtist það sem fyrst.

### **VÍS/Agría breeds profile:**

Í hvaða farvegi eru þau mál varðandi diskana sem deildir hafa óskað eftir að kaupa?

Valgerður ætlar að hafa samband við VÍS á morgun. Samþykkt var að HRFÍ sæi um að taka niður pantanir sem hafa ekki verið margar og taka greiðslu og hafa síðan samband við VÍS.

Súsanna Antonsdóttir segir að fólk innan sinnar deildar virðist ekki fylgjast nægilega vel með og hvort það væri í lagi að skrá félagsmenn á póstlista HRFÍ. Allir sammála um að það væri frábært framtak.

### **Hundafimi – íþróttadeild**

Rætt var um opna tíma og námskeið. Einnig voru fulltrúar íþróttadeildar spurðar hvort deildir gætu fengið þær til að kynna hundafimi og viðkomandi deild sæi um kostnaðarhliðina þ.e. innheimta og greiða reiðhöllina. Það var vel tekið í það. Mörgum fannst dýrt að þurfa að fara á námskeið áður en þeir gætu nýtt sér opnu tímana. Fram kom að leiðbeinendur eru fáir. Unglingar geta sótt um frístundakort til að vera á námskeiðum.

Fundi slitið.

Valgerður Júlíusdóttir, ritaði